



## FUNDUR Í LANDBÚNAÐARNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 15. maí 2014.

---

### Dagskrá:

1. Áætlun um refaveiðar til þriggja ára.

### Afgreiðslur:

Mættir voru nefndarmenn samkvæmt undirskiftum og auk þess Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri.

1. Fyrir liggur að Umhverfisstofnun hefur sent bréf til allra sveitarfélaga þar sem farið er þess á leit að sveitarfélögin skili inn upplýsingum um með hvaða hætti refaveiðar eru skipulagðar í sveitarfélaginu. Jafnframt þarf að skila inn áætlun um tjón af völdum refa til næstu þriggja ára og kostnaðaráætlun við refaveiðar til þriggja ára. Ákveðið var að Arnar tæki að sér að gera gera kostnaðaráætlun út frá kostnaðarliðum síðustu ára. Einnig ákveðið að taka saman vanhöld lamba af fjalli undanfarin ár og reyna að meta hlutdeild tofu í þeim vanhöldum.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gauti Jónsson

Anna Margrét Jónsdóttir